

ERINDISBRÉF

iðnfulltrúa.

1. gr.

Iðnfulltrúi starfar í umboði menntamálaráðuneytisins.

Hann skal m.a.:

- veita upplýsingar um mismunandi námsleiðir til starfa í iðnaði,
- veita upplýsingar um tengsl náms í skóla og náms í fyrirtækjum,
- veita iðnnemum, fyrirtækjum og skólum upplýsingar um réttindi og skyldur hvers aðila um sig varðandi nám sem fram fer skv. námssamningi,
- aðstoð við gerð iðnnámssamninga og samninga um starfsþjálfun á vegum skóla,
- staðfesta samningana og senda þá til menntamálaráðuneytisins til skráningar,
- afhenda samningsbundnum iðnnemum vinnubók, veita tilsögn í færslu hennar og vísa á þá aðila sem hafa eiga eftirlit með vinnubókinni,
- veita fyrirtækjum leiðbeiningar um framkvæmd námssamninga,
- aðstoða við lausn ágreiningsmála er upp kunna að koma milli samningsaðila, ef annar eða báðir æskja þess,
- vísa vafa- og ágreiningsmálum varðandi samningagerð eða framkvæmd samnings til menntamálaráðuneytisins,
- slíta námssamningum ef svo reynist óhjákvæmilegt og koma upplýsingum um það til menntamálaráðuneytisins,
- fylgist með því að iðnnemar á námssamningi sem lokið hafa tilskildu námi í skóla og atvinnulífi skili sér til sveinsprófs.

2. gr.

Iðnfulltrúi skal svo sem kostur er fylgjast með breytingum og þróun í iðnaði og iðnfræðslu og vera tengiliður milli skóla og atvinnulífs við að koma gagnkvæmum upplýsingum á milli þessara aðila.

Hann skal einnig hafa tengsl við fræðslunefndir iðngreinaflokka og Iðnfræðslurád eftir því sem tilefni gefast.

3. gr.

Iðnfulltrúi skal vera samráðsaðili varðandi kynningar grunnskóla á námi og störfum í iðnaði.

Menntamálaráðuneytið, 25. september 1990.

Svavar Gestsson.

Sólrún Jensdóttir.